

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 4

2. árgangur

9.2.1995

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/4/01	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	02
95/EES/4/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.555 - Glaxo/Wellcome).....	03
95/EES/4/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.543 - Zurigo/Banco di Napoli).....	03
	3. Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/4/01

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0352-I	Almennar kröfur um gasskynjara fyrir heimili	4.4.1995
94-0353-I	Tæknileg reglugerð um að samþykkja búnað fyrir boðþjónustu innan Evrópu (EUROMESSAGE service)	23.3.1995
94-0354-GR	Drög að ákvörðun um „gæðaeftirlit með stáli til styrkingar á steinsteypu“	27.2.1995
94-0355-DK	Tækniforskriftir fyrir lágafns-radíóvirki með spóluloftnetum til notkunar á tíðni sem er undir 400 kHz	27.2.1995
94-0356-UK	Viðbót frá 1995 við bresku lyfjaskrána (dýralyf) frá 1993	
94-0357-D	Tæknileg skilyrði varðandi afhendingu á gjalli til vegagerðar (þýska skammstöfunin: TL SWS-StS)	1.3.1995
94-0358-NL	Forskrift fyrir tækniröfur vegna radíóbúnaðar (sem ekki er innbyggður í loftfar) fyrir flugfarstöðvaþjónustu sem starfræktur er á tíðnisviðinu 118 - 137 MHz	1.3.1995
94-0359-NL	NL-ETS 300 065 forskriftir fyrir lágmarkskröfur fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað á sjó sem tekur á móti neyðarskeytum í NAVTEX-kerfinu sem starfrækt er á tíðninni 518 kHz	1.3.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.555 - Glaxo/Wellcome)****95/EES/4/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 1. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Glaxo plc öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Wellcome plc með yfirtökubóði sem auglýst var 23. 1. 1995.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Glaxo plc: Almenn lyf,
 - Wellcome plc: Almenn lyf.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 31, 7. 2. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.555 - Glaxo/Wellcome, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.543 - Zurigo/Banco di Napoli)****95/EES/4/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. 1. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Zurigo-Compagnia di Assicurazioni S.A. („Zurigo“), almennur umboðsmaður Zürich Insurance Company á Ítalíu, og Banco di Napoli SpA („Banco di Napoli“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem verður starfrækt á sviði líffrygginga.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Zurigo: Tryggingastarfsemi,
 - Banco di Napoli: Bankastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 31, 7. 2. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.543 - Zurigo/Banco di Napoli, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.